



Skrifstofa EJM

Skrifstofan okkar umsýslustofnun. Hún tryggir virkni og viðgang EJM. Meginhlutverk hennar er:

- ♦ Að gera tengiliðum kleift að vinna sín verk.
- ♦ Að setja upp, viðhalda og bæta heimasíðu EJM og leiðsagnartól hennar á netinu.
- ♦ Að gefa upplýsingar til tengiliða og hagsmunaaðila um starfsemi EJM og dómsmálasamstarf.
- ♦ Að tryggja kynningar og stofna til sambands við önnur dómstólanet á sviði dómsmálasamstarfs innan og utan ESB.



EVROPUNET
DÓMSTÓLA

Hvað er EJM?

Við erum fyrsti skipulagði og virki vettvangurinn fyrir dómsmálasamstarf innan Evrópusambandsins.

Við urðum til árið 1998 við sameiginlegt átak 98/428 JHA um að berjast gegn alvarlegum glæpum á ómiðstýrðan, sveigjanlegan og víðsýnan hátt.

Árið 2008 var lagalegur grunnur okkar styrktur með ákvörðun Evrópuráðsins 976/JHA um EJM. Sem stendur erum við með yfir 400 tengiliði um allt Evrópusvæðið sem og í umsóknarlöndum og þriðju löndum,

Hafa samband:

Skrifstofa EJM

Maanweg 174
2516 AB, The Hague
Holland

Sími: +31 (0) 70412 5579

Fax: +31 (0) 70412 5570

Netfang: ejn@eurojust.europa.eu

<http://www.ejn-crimjust.europa.eu>

Hvert er hlutverk okkar?

Markmið okkar er að skapa virkara dómsmálasamstarf, sérstaklega í baráttunni við alvarlega glæpi, með því að:

- ◆ Koma fram sem milliliður til að stuðla að samstarfi í dómsmálum.
- ◆ Veita lagalegar og hagnýtar upplýsingar til til þess bærri yfirvalda, þar á meðal í gegnum vefsvæði okkar.
- ◆ Svara beiðnum um dómsmálasamvinnu.
- ◆ Skapa dómsmálamenningu innan ESB.
- ◆ Vinna með öðrum dómsstólanetum, þriðju löndum og samstarfsaðilum í dómsmálum.

Hver erum við?

EJN samanstendur af tengiliðum, samfélagi dómara, saksóknurum og fulltrúum dómsmálaráðuneyta; allt eru þetta aðilar sem vilja leggja fram reynslu sína til hagsbóta fyrir dómsmála-samstarf í Evrópu í glæpamálum.


Hvernig störfum við?

Til að ná fram skilvirku samstarfi gerum við eftirfarandi:

- ◆ Við stuðlum að dómsmálasamstarfi milli staðaryfirvalda.
- ◆ Við veitum lagalegar og hagnýtar upplýsingar um dómsmálasamstarf til yfirvalda.
- ◆ Við göngumst fyrir þjálfun og kennslu í dómsmálasamstarfi.
- ◆ Tengiliðir meðlimaríkjanna eru ábyrgir fyrir innri virkni netsins.
- ◆ Tengiliðir varðandi leiðsagnartól sjá um að útvega og uppfæra upplýsingar um þeirra meðlimaríki í leiðsagnartólum á netinu.

Hvernig byggjum við upp gagnkvæmt traust?

Við hittumst nokkrum sinnum á ári til að safna saman þekkingu um mismunandi lagakerfi ESB, deila reynslu okkar af dómsmálasamstarfi og kynnast hvert öðru.



Hvernig getum við orðið þér að liði?

- ◆ Með því að greina og stofna beina tengiliði við yfirvöld í öðru meðlimaríki þangað sem þú kannt að senda beiðni um dómsmálasamstarf, t.d. EAW og MLA,
- ◆ Með því að fá lagalegar og hagnýtar upplýsingar um dómsmálasamstarf í öðrum meðlimaríkjum.
- ◆ Með því að veita þér öruggar samskipta-tengingar.
- ◆ Með því að leitast við að greiða úr vandamálum og töfum sem verða vegna innleiðingu beiðna um dómsmála-samstarf.
- ◆ Með því veita ráðgjöf um rétta nálgun að samvinnu í flóknum glæpamálum milli yfirvalda í meðlimaríkjum.

EJN er 100% samvinna!



<http://www.ejn-crimjust.europa.eu>